

# Úlfarsfell – fjarskiptamastur og útsýnispallur

**Kynningarfundur fimmtudaginn 6. desember kl. 20 í Dalskóla.**

Reykjavíkurborg og Sýn hf/ Vodafone hafa látið vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir um 1,3 hektara svæði á toppi Úlfarsfells þar sem fyrirhugað er að reisa 50 metra hátt fjarskiptamastur fyrir loftnet og tækniskýli með útsýnispalli.

Umrædd framkvæmd tryggir fullnægjandi útvarps- og fjarskiptaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og til að lágmarka sjónræn áhrif mannvirkja er lagt til að unnið verði með náttúruleg byggingarefni á þann hátt að mannvirkin falli sem best inn í landslagið og umhverfið.

Á fundinum verða kynntar tæknilegar forsendur verkefnisins og skipulagstillaga sem er í kynningarferli.

Fundurinn er haldinn í Dalskóla, Úlfarsbraut 118–120, 113 Reykjavík, fimmtudaginn 6. desember, kl. 20.

*Allir velkomnir!*



**Reykjavíkurborg**  
Umhverfis- og skipulagssvið

